

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Ellisif Malmo Bjarnadóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 8. september 2022
UST202209-049/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017 - 2029 – Fjallaskálar í Flóa- og Skeiðamannaafretti og Gnúpverjaafretti

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps er barst 5. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps fyrir fjallaskála í Flóa- og Skeiðamannaafretti og Gnúpverjaafretti.

Í greinargerð kemur fram að breytingin nær til sjö afþreyingar- og ferðamannasvæða fyrir fjallaskála. Auk þess kemur fram að markmið með breytingunni er að setja ramma utan um starfsemi á hverju svæði og tryggja samræmi á milli skilmála í aðalskipulagi og raunaðstæðum á hverjum svæði fyrir sig. Einnig kemur fram að gert er ráð fyrir breytingu á stærð svæða, hámarksbyggingarmagni og fjölda gistiplássanna í hverjum skála. Eingöngu verður heimilað að viðhalda og/eða endurbyggja aðstöðu á núverandi svæðum.

Forsendur

Umhverfisstofnun telur æskilegt að fjallað sé um hvert núverandi byggingarmagn er, fjölda gistiplássanna og hvort hestagerði sé á svæðinu og annað sem á við í tillögunni.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur